

Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Tímabil janúar - mars 2024

Fjármagnstekjuskattur er 22%

Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Sundurliðun upplýsinga

Skilaskyldum aðilum ber að gera sundurliðaða grein fyrir fjármagnstekjum og afdreginni staðgreiðslu á hverjum ársfjórðungi. Sundurliðun vegna fyrsta ársfjórðungs ársins 2024 skal gerð við skil með eindaga í maí. Á sundurliðuninni þurfa að koma fram kennitölur og nöfn allra skattaðila (rétthafa). Ef um erlendana rétthafa er að ræða með takmarkaða skattskyldu skal gera skil mánaðarlega og þarf nafn og skattkennitala (TIN) að koma fram.

Skiladagur

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á fyrsta ársfjórðungi 2024 er 20. apríl 2024 en eindagi er 6. maí. Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.

Vanskil

Ef skilaskyldur aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein rafrænt eða á pappír innan tilskilinna tímamarka skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð.

Næsti skiladagur

Næsti gjalddagi er 20. júlí 2024 vegna tekna á ársfjórðungnum apríl - júní og eindagi 6. ágúst 2024.

Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti

Á þjónustusíðu Skattsins, [skattur.is](#), eru gerð full skil á fjármagnstekjuskatti.

Undir liðnum *Vefskil* er valið *Staðgreiðsla* fjármagnstekjuskatts, og svo valið að skrá skilagrein.

Bæði er hægt að nota aðalveflykil og skilalykil. Þegar skilagrein hefur verið send rafrænt verður til krafa í heimabanka gjaldanda.

Stofnist ekki krafa í heimabanka er greitt með OCR-rönd, sem finna má á kvittun fyrir sendingunni, AB-gíró eða gírógreiðslu í heimabanka.

Skila skal núllskýrslu þrátt fyrir að engar skattskyldar greiðslur hafi átt sér stað á tímabilinu.